

Bt. Skipulagsstofnun

Hafnarfirði, 30. október 2025

Umsögn: Efnistaka úr Undirhlíðum, sunnan Bláfjallavegar, umsögn Hafnarfjarðarbæjar um umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun leitar umsagna umsagnaraðila um umhverfismatsskýrslur framkvæmda sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum á grundvelli 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umsagnaraðilar sem leitað er álits hjá eru að jafnaði leyfisveitendur og stofnanir sem ýmist hafa lögbundnu hlutverki að gegna, í þessu tilfelli er Hafnarfjarðarbær framkvæmdaleyfishafi.

Efnistaka hefur farið fram norðan vegar og árið 2009 var náman fullnýtt og henni lokað en ekki var hafist handan við efnistöku sunnan vegar.

Nú eru uppi áform um að hefja efnistöku að nýju og fara þá inn á svæðið sunnan vegarins. Svæðið er skilgreint sem efnistökusvæði samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013- 2025 og deiliskipulagi fyrir Undirhlíðar, samþykkt 2006 m.s.br.

Efnistökusvæðið er innan Reykjanesfólkvangs og innan fjarsvæðis vatnsverndar. Áætlað er að bergmagnið á svæðinu sunnan vegar geti verið á bilinu 4,8 til 5,8 milljónir m³, aðallega bólstraberg.

Umhverfismatið nær til hámarksefnistöku og er því allt mögulegt efnistökusvæði sunnan vegar sbr. skipulagi til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslunni.

Það er mat Hafnarfjarðarbæjar að það mat á umhverfisáhrifum, sem unnið er af VSÓ Ráðgjöf og er nú í auglýsingu, sé ítarlegt og gefi góða mynd af mögulegum umhverfisáhrifum þessara framkvæmda og geri nægjanlega vel grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisaðgerðum og vöktun.

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2

221 Hafnarfjörður



Skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6. nóvember 2025

Málsnúmer: 202511-0006

IAS

Efni: Efnistaka úr Undirhlíðum. Umhverfismatsskýrsla

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunarfrá 25. september 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku úr Undirhlíðum.

„Áformað er að hefja að nýju efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði, sem liggur við Leiðarendaveg (hét áður Bláfjallavegur). Þar var áður unnið efni og fyrir liggur umhverfismatsskýrsla frá árinu 2004 um mat á umhverfisáhrifum í Undirhlíðum, sem tók til um 8 milljón m³ af efni. Var efnistaka ráðgerð beggja vegna Leiðarendavegar. Efnistaka hefur farið fram norðan vegarins og er umfang áætlað á bilinu 3-5 milljón rúmmetra, en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um umfangið. Árið 2009 var náman norðan vegar fullnýtt og henni lokað en ekki var hafist handan við efnistöku sunnan vegar. Nú eru uppi áform að hefja efnistöku að nýju og fara þá inn á svæðið sunnan vegarins.“

Hafnarfjarðarbær lét gera nýtt umhverfismat á þessu ári þar sem fjallað er um framkvæmdirnar og helstu umhverfisáhrif.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskýrsluna og telur að hún sá ágætlega unnin og að í henni komi fram áhrif framkvæmdanna á jarðminjar, lífríki ásýnd og landslag. Áhrif á jarðminjar eru metin óveruleg eða talsvert neikvæð, áhrif á gróður óverulega neikvæð og áhrif á ásýnd og landslag talsvert neikvæð.

Fram kemur að gengið verði frá með jarðvegi sem ýtt er ofan af svæðinu fyrir efnistöku að efnistöku lokinni og fláar hafðir svipaðir og náttúrulegir fláar á svæðinu. Þá verði svæðið grætt upp og gróðursetning einskorðuð við tegundir sem falla undir skilgreininguna „íslenskur gróður“ eða „náttúrulegur gróður“. Lúpína finnst á svæðinu og er mikilvægt að hún dreifist ekki víðar vegna vinnslunnar eða við frágang svæðisins.

Náttúrufræðistofnun bendir á að æðplöntutegundin blátoppa (*Sesleria albicans*), sem er á valista í verndarflokki VU (tegund í nokkurri hættu), vex í námunda við úttektarsvæðið en hún fannst ekki á svæðinu í úttektinni 2024. Framkvæmdir víða á höfuðborgarsvæðinu og upplöndum þess ógna útbreiðslu tegundarinnar og efnistakan skerðir möguleika hennar til að dreifa sér inn á svæðið.

Ekki er rétt að efnistakan fari fram á svæði sem þegar hefur verið raskað (bls. 21) en efnistakan er fyrirhuguð á öröskuðu svæði sem liggur að eldra efnistökusvæði. Skúlatúnshraun, nútímahraun sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) er rétt við námusvæðið og er mikilvægt að því verði ekki raskað vegna efnistökkunnar eða flutnings Leiðarendavegar (Bláfjallavegar).



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 6. nóvember 2025
202509-0166/P.V.B.
08.03

Efni: umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka úr Undirhlíðum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 29. september 29.9.2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr Undirhlíðum.

Í greinargerð kemur fram að áformað er að hefja að nýju efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði, sem liggur við Leiðarendaveg. Efnistaka hefur farið fram norðan vegarins og er umfang áætlað á bilinu 3-5 milljón rúmmetra, en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um umfangið. Árið 2009 var náman norðan vegar fullnýtt og henni lokað en ekki var hafist handan við efnistöku sunnan vegar. Nú eru uppi áform að hefja efnistöku að nýju og fara þá inn á svæðið sunnan vegarins.

Efnistökusvæðið er innan Reykjanesfólkvangs sem er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 52071975.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun gerir athugasemdir við það að athuganir á fuglalífi hafi ekki farið fram á varptíma til að meta varpþéttleika á svæðinu.

Ásýnd

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja, svo sem vega, virkjana og annarra framkvæmda, skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna skal tekið afstöðu til þessa atriðis. Sérstaklega er mikilvægt að huga að huga að vali á staðsetningu og legu mannvirkja, útfærslu í stærð og formi, frágangi að loknum framkvæmdum og litavali sem lykilþætti í aðlögun mannvirkja að umhverfi sínu. Auk þess er mikilvægt að mannvirki samrýmist jarðmyndunum, gróðri og ásýnd svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á að í næsta nágreanni við námusvæðið eru vinsæl útivistarsvæði og áningarstaðir. Ekki kemur fram hvort breytingar á ásýnd svæðisins muni verða sýnilegar frá þeim á framkvæmdartíma. Aðeins er fjallað um ásýnd næst fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem námustállíð er bratt á fyrirhuguðu efnistökusvæði er nauðsynlegt að frágangur fari fram samhliða efnistöku.

Gróðurfar

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að til standi að nýta staðargróður við uppgræðslu á svæðinu. Stofnunin bendir á að fræ lúpínu geta leynst í umframjarðvegi sem til stendur að haugsetja á börmum efnistökusvæðisins og síðar nýtt við frágang á svæðinu. Hætta er þá á að lúpína dreifist um uppgræðslusvæðið nema sé jarðvegur af lúpínusvæðinu nýttur í frágang á yfirborði.

Gönguleiðir

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að námureksturinn hamli ekki umferð gangandi um svæðið. Samkvæmt korti í umhverfismatskýrslunni mun efnistökusvæðið skera í sundur gönguleiðir sem liggja um svæðið og jaðra þess. Ekki kemur fram hvort um sé að ræða stikaðar/greinilegar gönguleiðir eða hvort um sé að ræða leiðir sem eru hnitsettar. Koma þyrfti fram hvernig tryggt verði að göngufólk geti áfram nýtt leiðirnar með öruggum hætti og færa þær út fyrir efnistökusvæðið.

Reykjanesfólkvangur og leyfisskylda

Samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 520/1975 um friðlýsingu Reykjanesfólkvangs er allt jarðrask bannað innan fólkvangsins nema leyfi Náttúruverndarstofnunar komi til. Stofnunin tekur fram að umsögn þessi jafngildi ekki leyfi til framkvæmda og þarf að sækja um það sérstaklega til stofnunarinnar bæði vegna alls jarðrasks sem tengist námurekstrinum og færslu á Leiðarendavegi.

Virðingarfyllst,

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur

René Biasone
sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Umhverfismat framkvæmda
Skipulagsgátt mál nr. 1193/2024

Kópavogur, 11. nóvember 2025
Tilvísun: K-21518

Efni: Efnistaka úr Undirhlíðum, umhverfismatsskýrsla

Áform Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfjörður áformar að hefja að nýju efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði, sunnan Bláfjallavegar. Gróflega er áætlað að hægt sé að vinna um 5-6,5 milljónir m³ af föstu efni og það verði gert í fjórum áföngum, þar sem hámarks leyfileg vinnslustærð sé um 150.000-300.000 m³ á ári.

Umsögn HEF

Fyrirhugað efnistökusvæði og aðkomuvegir næst námunni er að mestu leyti staðsett innan fjarsvæði vatnsverndar. Fjarsvæði vatnsverndar er aðalákomusvæði fyrir grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnbólum og framtíðarvatnsbólum. Þannig er vatnsból Vatnsveitu Hafnarfjarðar staðsett í sigdal í Kaldárbotnum sem eru einungis í 3 km fjarlægð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði, sem liggur á sama sigdal. Fyrirhugað framtíðarvatnsból Hafnarfirðinga er í um 3,5 km fjarlægð sunnan við efnistökusvæðið, þ.e. í Fagradal. Til umfjöllunar hjá heilbrigðiseftirlitinu eru jafnframt starfsleyfi fyrir tilraunaboranir vegna varavatnsbóls í Undirhlíðum og er sú hola einungis um 1,5 km fjarlægð frá efnistökusvæðinu í Undirhlíðum.

Ljóst er að endurmeta þarf vatnsverndarsvæði ef og þegar varavatnsból Hafnarfjarðar verður tekið í notkun í Fagradal eða við Undirhlíðar og líklegt að skilgreining vatnsverndarsvæða breytist með þeim hætti að grannsvæði vatnstökusvæðis í Fagradal stækki í átt að fyrirhuguðu efnistökusvæði og sama gildir um vatnsverndarsvæðið vegna vatnstöku við Undirhlíðar. Hugmyndir Vatnsveita Hafnarfjarðar sem fylgja umsókn (sem er í vinnslu hjá heilbrigðiseftirlitinu) um starfsleyfi fyrir borun á tveimur rannsóknarholur við Undirhlíðar, steinsnar frá fyrirhugaðri námusvæði er að með borun og prófun rannsóknarborholanna fari fram vatnafarsrannsókn sem miði að því að meta framtíðar vatnsöflunarmöguleika fyrir Hafnarfjörð við Undirhlíðar. Aflað verður upplýsinga um vatnafræði og jarðfræði svæðisins með það að markmiði að veita betri innsýn í eiginleika grunnvatnskerfisins og þá hvort svæðið við Undirhlíðar sé hentug staðsetning til vatnsöflunar til framtíðar.

Að mati heilbrigðiseftirlitisins er mikilvægi vatnsnýtingar á svæðinu umtalsvert meiri en námuvinnsla til skamms tíma. Rannsóknir á svæðinu munu einnig veita nýjar upplýsingar um grunnvatnskerfið, sem skynsamlegt er að bíða eftir áður en farið verður í framkvæmdir og leyfð efnistaka á svæðinu.

Í lýsingu á misgengi á bls. 30 í skýrslunni er tilgreint um að misgengi sé rétt sunnan við fyrirhugað efnistökusvæði og liggur sprunga yfir nyrsta hluta þess. Á mynd 7.1, bls. 20 er sprunga þessi sýnd,

án þess að heimilda fyrir myndinni sé getið. Staðsetning misgengisins ber hvorki saman við berggrunnskort Helga Torfasonar og Magnúsar Á. Sigurgeirssonar frá árinu 2002 (Brennisteinsfjöll, Berggrunnskort 1:50.000. Orkustofnun (ALD) og Náttúrufræðistofnun Íslands) né 1:100.000 berggrunnskort ÍSOR. Umrætt berggrunnskort er ekki getið í skýrslunni. Á bls. 30 segir: „*Stefna misgengis og sprungu er í suðaustur-norðaustur stefnu, nokkurn veginn þvert á grunnvatnsstrauminn sem stefnir í norðvestur. Líkurnar á þessu eru þó taldar litlar vegna talsverðrar vegalengdar að vatnsbólinu í Kaldárbotnum og að ekki er um samfellt og þétt sprungu- og misgengissvæði að ræða.*“ Mikilvægt er að getið sé heimilda þegar myndir eru sýndar. Þar sem misræmis gætir um misgengið og ófullnægjandi gögn tilgreind í skýrslunni þá þarf að gera ítarlegri grein fyrir umræddu misgengi m.t.t. áhættu á mengun grunnvatns.

Til þess að hægt sé að meta áhættu frá efnistökusvæðinu á fullnægjandi hátt þyrftu að liggja fyrir dreifingarreikningar fyrir fulluppleyst og sérstaklega, torleyst mengunarefni (olíu) frá efnistökusvæðinu. Þessi áhætta myndi vera metin út frá mögulegum áhrifum á vatnsból á áhrifasvæðinu, hvort sem þau eru í notkun eða fyrirhuguð. Vatnsból sem gætu verið á áhrifasvæði mengunarslyss, seytlendi eða viðburðar, eru Kaldárbotnar, Fagridalur, Undirhlíðar og vinnsluvatnsbólið í Straumsvík. Við dreifingarreikninga þyrfti að huga að misgengissprungum á svæðinu sem gætu ýtt undir dreifingu til bæði Kaldárbotna og fyrirhuguðu varavatnsbóli við Undirhlíðar.

Ýmsar spurningar vakna varðandi áhrif framkvæmda og starfsemi frá fyrirhuguðu efnistökusvæði í Undirhlíðum á vatnshlotið Straumsvíkurstraum og þeirri fullyrðingu í skýrslunni að fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur efnistökusvæðis rýri ekki né hafi neikvæð áhrif á vatnsverndarsvæðið og vatnsból í grenndinni. Ef mótvægisáðgerðir sem nefndar eru í áhættumatinu duga ekki, t.d. vegna olíuslysa á svæðinu eða í ljós kemur að dreifing mengunar er með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í áhættumati, þá er ljóst að áhættan á að hefja námuvinnslu við Undirhlíðar er mikil og hætta á að umhverfismarkmið vatnshlotsins, Straumsvíkurstraumur, náist ekki.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að framkvæmdir og rekstur efnisvinnslu á vatnsverndarsvæði eru starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins



Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri HEF

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

**Umsögn Vegagerðarinnar um efnisnám úr Undirhlíðum, Hafnarfirði**

Yðar tilvísun: Mál nr. 1193/2024

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr Undirhlíðum, dags. september 2025. Stofnunin hefur rýnt skýrsluna á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Í umhverfismatsskýrslunni *Efnistaka úr Undirhlíðum* kemur fram að efnistakan muni fara fram á skilgreindu efnistökusvæði skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, þar sem áður hefur verið unnið efni. Svæðið liggur við Leiðarendaveg (áður Bláfjallaveg) sem er í um 6 km fjarlægð frá Hafnarfirði.

Samkvæmt upplýsingum í umhverfismatsskýrslu er áætlað að heildarmagn bergs á svæðinu sunnan vegar sé á bilinu 4,8 til 5,8 milljónir m³, aðallega bólstraberg, og að betri nýting fæst af svæðinu ef Leiðarendavegur verður færður til norðurs, í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Vegagerðin er veghaldari Leiðarendavegar að Leiðarenda (helli), en veginum var lokað við hellinn árið 2020 sem hluti af mótvægisáðgerðum í tengdum vatnsvernd.

Gert er ráð fyrir að efnistakan skiptist í fjóra áfanga, þar sem hver áfangi verði unninn á 5 árum. Samkvæmt skýrslunni má gera ráð fyrir um 107.000 ferðum með efni úr námunni í hverjum áfanga, eða um 80 ferðir á dag á meðan vinnslu stendur. Samtals gerir þetta um þetta um 428.000 ferðir yfir allt framkvæmdatímabilið. Ekki liggur fyrir hvaða aðilar munu vinna efni úr Undirhlíðum né hvert efnið úr verður flutt. Skv. umhverfismatinu er líklegt að flutningar fari um Leiðarendaveg, Krýsuvíkurveg og líklega Reykjanesbraut.

Í skýrslunni er ályktað að helstu áhrif framkvæmdarinnar á samgöngur verði aukin umferð vegna efnisflutninga á rekstrartíma og að áhrifin verði óveruleg til talsvert neikvæð.

Vegagerðin staðfestir að umferðaraukning á Krýsuvíkurvegi vegna framkvæmdarinnar verði hlutfallslega lítil, þar sem fyrir er töluverð þungaumferð á veginum. Umferð um Leiðarendaveg mun þó aukast verulega, þar sem núverandi umferð er mjög takmörkuð og vetrarþjónusta er ekki viðhöfð á veginum. Vegagerðin telur því nauðsynlegt að skoða mögulegar mótvægisáðgerðir til að tryggja umferðaröryggi á svæðinu.

Í skýrslunni kemur fram að færa þurfi legu Leiðarendavegar til að tryggja betri efnisnýtingu og aukið öryggi. Slík framkvæmd er ekki hluti af gildandi

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

áætlunum Vegagerðarinnar né eru slíkar framkvæmdir fjármagnaðar.
Vegagerðin óskar því eftir frekara samtali við framkvæmdaðila til að ræða
fram komnar tillögur.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 19. nóvember 2025

Efni: Efnistaka úr Undirhlíðum (nr. 1193/2024) – kynning umhverfismatsskýrslu.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni þar sem óskað er eftir umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna áforma um frekari efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði. Áður hefur farið fram efnistaka á þessum stað norðan Bláfjallavegar og var þeirri námu lokað 2009. Nú er stefnt á að fara inn á óraskað svæði sunnan Bláfjallavegar og er það innan skilgreinds efnistökusvæðis samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Minjastofnun hefur áður gefið umsögn (dags. 4. nóv. 2024) um matsáætlunina.

Í matsskýrslunni er fjallað um fornleifar í kafla 13, bls. 52-54. Í töflu 13.1 er birtur listi yfir þær fornleifar sem eru í minna en 200 metra fjarlægð frá efnistökusvæðinu, en það eru fjórar minjar. Er þar um að ræða tvær vörður og tvær fornar þjóðleiðir, þ.e. Undirhlíðarvegur og Dalaleið. Búið er að færa útlínur minjanna inn á kort ásamt áhrifasvæði framkvæmdanna (mynd 13.1) og má þannig gera sér gleggri grein fyrir beinum áhrifum framkvæmdanna á minjar. Undirhlíðarvegur er í um 180 m fjarlægð frá útmörkum fyrirhugaðrar námu og varða nr. 2662-98 er í um 70 m fjarlægð. Þessar minjar eiga ekki að verða fyrir beinu raski en mikilvægt er að merkja minjar meðan á efnistöku og efnisflutningum stendur svo þeim verði ekki spillt í ógáti. Öðru máli gegnir um hinar tvær. Varða nr. 2662-96 er á miðju efnistökusvæðinu og er talið óhjákvæmilegt að raska henni ef til efnistöku kemur. Minjastofnun heimilar að varðan víki og teljast fyrirbyggjandi fornleifaskráningar fullnægjandi rannsókn. Varðandi Dalaleið (nr. 2662-77) segir að henni verði raskað að hluta miðað við hámarks efnistöku og að sótt verði um leyfi Minjastofnunar „ef til þess kemur“.

Minjastofnun Íslands telur að það ætti að vera sérstakt kappsmál að þyrma Dalaleið og valda ekki rofi á henni. Þessar fornu þjóðleiðir eru vel þekktar og nýttar af útivistarfólki til að fara um svæðið. Þær gefa svæðinu sögulega dýpt og auka við landslags- og náttúruupplifun þeirra sem um svæðið fara. Þessar leiðir, Undirhlíðarvegur og Dalaleið, hafa því talsvert minjagildi. Á öðrum stöðum í matsskýrslunni er í raun tekið undir það. T.d. þar sem fjallað er um áhrif framkvæmdanna á landslag segir á bls. 38; „Landslag í kringum námuna hefur þó nokkuð gildi, t.a.m. vegna útivistar og fornleifa“ og að framkvæmdin „...getur einnig haft áhrif á menningarlandslag og dregið úr upplifunargildi svæðisins vegna áhrifa á götur og vörður sem vitna um fornar leiðir“.

Minjavarðasvið

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 14
(354) 845 85 10


www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

Stofnunin telur matsskýrsluna greinargóða. Rétt er þó að undirstrika hér að gamlar götur og vörður hafa gildi sem minjaheildir, í raun langt út fyrir framkvæmdasvæðið. Leiðir þessar eru vinsælar til göngu og útivistar. Þótt leitast verði við að græða upp og laga landið þegar náman fer úr notkun, þá verða fornleifar ekki endurheimtar. Minjastofnun hvetur til þess að fullt tillit verði tekið til Dalaleiðar við skipulag efnistöku á svæðinu.

Að öðru leyti hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við mats-skýrsluna.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Þór Ingólfsson Hjaltaín'.

Þór Ingólfsson Hjaltaín
Sviðsstjóri minjavarðasviðs